

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 991/2001

2002/EES/53/16

frá 21. maí 2001

um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/28/EB ⁽²⁾, einkum 9. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. tilskipunar 92/14/EBE eru þær flugvélar, sem eru tilgreindar í viðaukanum við hana, undanþegnar að því tilskildu að þær séu einkum notaðar áfram af einstaklingum eða lögpersónum sem hafa staðfestu í skráningarlandinu á tilteknu viðmiðunartímabili.
- 2) Í 9. gr. a í tilskipun 92/14/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 98/20/EB ⁽³⁾, er kveðið á um einfaldaða málsmeðferð við breytingar á viðaukanum með það fyrir augum að tryggja fullt samræmi við viðmiðanirnar sem gilda um undanþágur.
- 3) Frá gildistöku tilskipunar 1999/28/EB, en með henni var viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE fyrst breytt á grundvelli hinnar einfölduðu málsmeðferðar, hefur nokkrum flugvélum, sem eru tilgreindar í viðaukanum, verið fargað og aðrar felldar brott úr skráum viðkomandi landa. Af þeim sökum ber að fella samsvarandi færslur fyrir slíkar flugvélar brott úr viðaukanum.
- 4) Nokkrar flugvélar, sem uppfylla skilyrði fyrir undanþágu, verða 25 ára gamlar á árinu 2001. Því ber að bæta viðeigandi færslum í viðaukann.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2001.

- 5) Enn fremur er æskilegt að uppfæra viðaukann með hliðsjón af ófyrirséðum breytingum, sem kunna að verða, að því er varðar skrásetningarmerki eða flugrekanda flugvélar sem er þegar á skrá.
- 6) Vegna þess hve breytingarnar á viðaukanum eru takmarkaðar og litlar að umfangi, svo og þess hversu brýnt málið er, er réttlætlanlegt að beita annars konar lagagerningum.
- 7) Brýna nauðsyn ber til þess að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst svo að hagsmunaaðilar fái tafarlaust upplýsingar um undanþágurnar sem hún kveður á um.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugöryggisreglur ⁽⁴⁾ sem var komið á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽⁵⁾ eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 ⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE er hér með breytt á þann hátt sem greinir í viðaukanum við þessari reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz Fischler

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 138, 22.5.2001, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 53.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4.

⁽⁴⁾ Nefnd um flugöryggisreglur, skriflegt samráð frá 15. mars 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 47.

VIÐAUKI

Viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi færslur falli brott:

ALSÍR

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
20955	B727-2D6	7T-VEH	Air Algérie

EGYPTALAND

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
21195	B737-266	SU-AYL	Egypt Air
21227	B737-266	SU-AYO	Egypt Air

TÚNIS

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
20545	B727-2H3	TS-JHN	Tunis Air
20948	B727-2H3	TS-JHQ	Tunis Air

2. Eftirfarandi færslur bætist við:

ALSÍR

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
21212	B737-2D6	7T-VEO	Air Algérie
21286	B737-2D6	7T-VER	Air Algérie

SÁDI-ARABÍA

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
21275	B737-268	HZ-AGH	Saudia
21276	B737-268	HZ-AGI	Saudia
21277	B737-268	HZ-AGJ	Saudia
21280	B737-268	HZ-AGK	Saudia
212281	B737-268	HZ-AGL	Saudia
212283	B737-268	HZ-AGN	Saudia
21360	B737-268	HZ-AGO	Saudia

SÝRLAND

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
21203	B727-294	YK-AGA	Syrianair
21204	B727-294	YK-AGB	Syrianair
21205	B727-294	YK-AGC	Syrianair

JEMEN

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
21296	B737-2N8	70-ACU	Yemen Airways

3. Í stað færslunnar sem ber yfirskriftina „Úganda“ komi eftirfarandi:

ÚGANDA

Raðnúmer	Gerð	Skráning	Flugrekandi
19821	B707-379C	5X-GLA	Air Alexander